

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1851****2018/EES/64/31****frá 14. júní 2016**

um samþykkt áætlunar um viðhengi fyrir árin 2019, 2020 og 2021 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 7. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 577/98 er nauðsynlegt að tilgreina þætti áætlunar um viðhengi fyrir árin 2019, 2020 og 2021.
- 2) Þörf er á yfirgripsmiklum og samanburðarhæfum gögnum um vinnuskipulag og samkomulag um tilhögun vinnutíma og jafnframt er þörf á ítarlegri gögnum um þátttöku á vinnumarkaði í því skyni að fylgjast með framvindu í átt að sameiginlegum markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020.
- 3) Í ljósi yfirstandandi umræðu um sveigjanleika með öryggi ⁽²⁾ og sýnilegrar þarfar á meiri aðlögunarhæfni bæði fyrirtækja og starfsfólks í Evrópu, en hún er lykilþáttur sem lögð er áhersla á í evrópsku vinnuáætluninni og viðmiðunarreglum um atvinnumál ⁽³⁾, er nauðsynlegt að safna gögnum með viðtækri evrópskri könnun um að hve miklu leyti ýmsar nýjar venjur í vinnuskipulagi og skipulagi vinnutíma eru í gildi og reynslu starfsmanna af þeim.
- 4) Í orðsendingu sinni um stefnuramma ESB um heilsuvernd og öryggi á vinnustað 2014–2020 ⁽⁴⁾ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess að bæta öflun hagskýrslugagna um vinnutengd slys og sjúkdóma, váhrif í starfi og vinnutengd heilsufarsvandamál. Með nýju viðhengi um vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvandamál ætti að vera hægt að bera saman gögn sem aðildarríki leggja fram, samkvæmt verkefninu um evrópskar hagskýrslur um vinnuslys, við aðstæður fólks á vinnumarkaði og afla gagna um vinnutengd heilsufarsvandamál. Jafnframt ætti það að veita upplýsingar um váhrif í starfi gagnvart áhættuþáttum varðandi líkamlegt heilbrigði og andlega vellíðan.
- 5) Framkvæmdastjórnin viðurkenndi, í orðsendingunni *Evrópuáætlun um fólksflutninga* ⁽⁵⁾, þörfina fyrir að þróa skipulagsaðgerðir sem varða fólksflutninga. Leggja ætti til ráðstafanir vegna aðlögunar farandfólks, þ.m.t. framtaksverkefni til að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 284, 20.10.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

(2) Sveigjanleiki með öryggi er samþætt áætlun til að auka á sama tíma sveigjanleika og öryggi á vinnumarkaði. Hann miðar að því að sameina þörf vinnuveitenda fyrir sveigjanlegt vinnuafli og þörf starfsmanna fyrir öryggi — þannig að tryggt sé að þeir þurfi ekki að standi frammi fyrir langvarandi atvinnuleysi.

(3) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1848 frá 5. október 2015 um viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna fyrir árið 2015 (Stjtið. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 28).

(4) COM(2014) 332 lokaútgáfa frá 6. júní 2014.

(5) COM(2015) 240 lokaútgáfa frá 13. maí 2015.

bæta tungumálafærni þess og starfsfærni og til að greiða fyrir viðurkenningu á menntun og hæfi og aðgengi að vinnumarkaðinum. Þar að auki er það eitt helsta markmið tilmæla framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1184 ⁽¹⁾ að ryðja úr vegi hindrunum fyrir þátttöku þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og minnka muninn á atvinnuþátttöku þeirra, þ.m.t. muninn á atvinnuþátttöku borgara Sambandsins og ríkisborgara frá ríkjum utan Sambandsins. Í þessu samhengi er þörf á ítarlegum gögnum um vinnuaðstæður farandfólks til að hægt sé að byggja ákvörðunartöku á áreiðanlegum grunni staðreynda,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Áætlun um viðhengi fyrir vinnumarkaðskönnunina fyrir árin 2019, 2020 og 2021, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum, er hér með samþykkt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Tilmæli ráðsins (ESB) 2015/1184 frá 14. júlí 2015 um almennar viðmiðunarreglur varðandi efnahagsstefnur aðildarríkjanna og Evrópusambandsins (Stjútö. ESB L 192, 18.7.2015, bls. 27).

VIÐAUKI

VINNUMARKAÐSKÖNNUN

Áætlun um sérstakt viðhengi fyrir árin 2019–2021.

Vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma

*Viðmiðunartímabil: 2019**Undireiningar (svið þar sem þarf að veita ítarlegri upplýsingar):*

1. undireining: Sveigjanlegur vinnutími

Markmið: að kveða á um ítarlegri upplýsingar um hvernig launþegar geta ákveðið vinnutíma sinn og fjarvistir en einnig tíðni aðstæðna þegar launþegar eru krafðir um að breyta vinnutíma sínum.

2. undireining: Vinnuaðferðir

Markmið: að afla upplýsinga um tímaskort, beina stjórnun og sjálfstæði í vinnuumhverfi.

3. undireining: Vinnustaður

Markmið: að láta í té ítarlegri upplýsingar um vinnustaðinn og ferðatíma sem er sýndur sem tími er nota þarf til að komast frá heimili til vinnustaðar.

Vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvandamál

*Viðmiðunartímabil: 2020**Undireiningar (svæði þar sem láta á mun ítarlegri upplýsingar í té):*

1. undireining: Vinnuslys

Markmið: að auðkenna vinnuslys sem valda áverkum, tegundir þeirra og áhrif að því er varðar tapaða vinnudaga eða örorku.

2. undireining: Vinnutengd heilsufarsvandamál

Markmið: að auðkenna líkamleg eða andleg heilsufarsvandamál sem orsakast af eða versna við vinnu, tegundir þeirra og áhrif að því er varðar tapaða vinnudaga eða örorku.

3. undireining: Áhættuþættir fyrir líkamlegt heilbrigði og/eða andlega vellíðan

Markmið: að greina hvort launþegar eru berskjaldaðir fyrir áhættuþáttum sem geta haft áhrif á líkamlegt og/eða andlegt heilbrigði þeirra.

Ástandið á vinnumarkaðnum hjá farandfólki og nánustu afkomendum þeirra

*Viðmiðunartímabil: 2021**Undireiningar (svið þar sem þarf að veita meiri upplýsingar):*

1. undireining: Bakgrunnsupplýsingar

Markmið: að veita ítarlegri upplýsingar um farandfólk og nánustu afkomendur þess ⁽¹⁾, þ.e. um bakgrunn foreldra í menntun og meginástæðu þess að þeir fluttust búferlum.

⁽¹⁾ Farandfólk er skilgreint hér sem einstaklingar sem eru fæddur í öðru landi en gætu einnig verið ríkisborgarar þriðja lands. Nánustu afkomendur farandfólks ætti að vera skilgreint sem fyrsta kynslóð innflytjenda, þ.e. innfæddir einstaklingar sem eiga a.m.k. eitt foreldri sem er fætt utanlands.

2. undireining: Tungumálakunnátta

Markmið: að afla upplýsinga um hvaða tungumálakunnáttu farandfólk telur sig hafa.

3. undireining: Hindranir og stuðningur við þátttöku í vinnumarkaði

Markmið: að safna upplýsingum um hindranir á þátttöku á vinnumarkaði (t.d. viðurkenningu á menntun og hæfi sem fékkst utanlands eða hindranir sem tengjast erlendum uppruna) og um leit einstaklings að vinnu.
